



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Mennta- og barnamálaráðuneytið  
Sölvhólsögðu 4  
101 Reykjavík

Kópavogur, 27. september 2023  
Málsnr. 2306006  
PBG/HH

**Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um svæðisbundið samráð sveitarfélaga í þágu farsældar barna, tilv.: MRN2210029/3.8.**

Vísað er til erindis ráðuneytisins dags. 22. júní 2023, til Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað var umsagnar landshlutasamtaka sveitarfélaga um ofangreint. Erindið var tekið fyrir á 562. fundi stjórnar SSH og aftur á 563. fundi þar sem frekari kynning þess fór fram og var Skólamálanefnd SSH í samráði við Samstarfshóp á sviði velferðarmála falið, að vinna umsögn í samráði við lögfræðing og stjórn SSH. Þá var farið fram á frest til loka septembermánaðar umsagnar og var hann veittur með tölvupósti hinn 21. ágúst 2023. Eftirfarandi eru athugasemdir SSH vegna framangreinds:

Hafa ber að hafa í huga að við gerð þessarar umsagnar liggur ekki fyrir frá ráðuneytinu skilgreining á því hvað sé skólaþjónusta í boðuðum lögum um skólaþjónustu. Þá liggur heldur ekki fyrir með skýrum hætti hvert sé væntanlegt hlutverk skólaþjónustusvæða. Það má því segja að beiðni ráðuneytisins um umsögn sé að vissu marki ótímabær.

Skilgreining á skólaþjónustu hefur tekið breytingum á liðnum árum. Við yfirfærslu rekstrar grunnskóla til sveitarfélaga var skólaþjónusta fyrst og fremst skilgreind sem sérfræðiþjónusta við grunnskóla s.s. þjónusta skólasálfræðinga og sérkennsluráðgjafa.

Í reglugerð frá árinu 2019 (444/2019) er skilgreiningin víðari og tekur bæði til leik- og grunnskóla. Þar segir að markmið með skólaþjónustu sveitarfélaga sé að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Þá skal skólaþjónusta beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á. Í 9. grein reglugerðarinnar er tekið fram að skólaþjónustan eigi að veita ráðgjöf vegna kennslu og umönnunar nemenda og ráðgjöf vegna náms nemenda með sérþarfir en einnig ráðgjöf vegna starfshátta skóla, nýbreytni- og þróunarstarfa og starfsumhverfis. Skýrt er kveðið á um að sveitarfélög beri ábyrgð á þessari þjónustu og kosti hana.

Áform um frumvörp til nýrra heildarlaga um skólaþjónustu og nýja þjónustustofnun (ný menntamálastofnun) voru kynnt fyrir ári síðan og birt til umsagnar á samráðsgátt 17. október 2022. Margvíslegt samráð var haft í kjölfarið til að ramma betur af verkefnið en niðurstaða þeirrar vinnu liggur ekki fyrir.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa byggt upp eigin skólaþjónustu með margvíslegum hætti. Tiltekin meginstef eru áþekkt (sálfræðiþjónusta, talmeinaþjónusta ofl.) auk þess sem að sveitarfélögin hafa haft samstarf og samráð um t.a.m. símenntun og starfsþróun. Talið er æskilegt að sveitarfélögin sem heyra undir SSH hafi samstarf alls svæðisins sem meginreglu, þó þannig að hvert og eitt sveitarfélag geti þróað starf í takt við þarfir og sérstöðu. SSH telja engu að síður æskilegt að svæðisbundið



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

farsældarráð sem og skólaþjónustusvæði fylgi landshlutasamtökunum SSH en það er sagt með þeim fyrirvara að ekki liggja fyrir skilgreiningar á hlutverki skólaþjónustunnar og skólaþjónustusvæða.

Samkvæmt 5. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er gert ráð fyrir að svæðisbundið farsældarráð vinni áætlun um forgangsriðun aðgerða sem og skýrsluskrif um þá framkvæmd. SSH telja mikilvægt að skýrt kostnaðarmatfari fram á fyrirhuguðum störfum farsældarráðs svo hægt sé að tryggja lögbundið hlutverk sveitarfélaganna og það kostnaðarmat verði gert í samstarfi við sveitarfélögin. Það sama á við um verkefni skólaþjónustusvæða.

Þá er minnt á að þegar verkefni skólaþjónustusvæða verða skilgreind, fjármögnun þeirra verkefna sem og störf „nýrrar menntamálastofnunar“, er nauðsynlegt að hafa í huga að á starfssvæði SSH búa um 2/3 allra barna á landinu.

Virðingarfyllt,  
Fyrir hönd SSH

  
Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri